

Skilalýsing - Hænsnakofar

Innistía kofanna er byggð úr 34x70 timbri. Að utan og innan eru veggirnir aðklæddir með 9mm furu/greni krossvið. Á ytra sperrubili er vind og vatnsvarnardúkur undir krossvið sem gerir kofana algerlega vind og vatnspétta. Gólfíð er úr 45x95mm stoðum cc 60 klætt með 15mm krossvið.

Skúrinn kemur á 95x95mm grænum AB dregurum svo einfalt er að festa það niður.

Athugið að það þarf að bera á húsið bæði að utan og innan fyrir notkun. Þakið er byggt úr 45x95mm timburstoðum cc 60, því næst 18mm krossvið og svo ábrenndum tjörupappa með sólarvörn. Þakið er einhalla og nær yfir útistýjuna.

Útistían er byggð úr 45x95 timbri sem er sterkara heldur en í innveggjum þar sem engin krossviður er til afstýfingar. Stían er klædd með hænsnaneti. Á henni eru göngudyr sem er timburrammi klæddur með hænsnaneti. Lokanleg göngulúga er fyrir hæurnar út úr innistíu yfir í útistíu. 80 cm gönguhurð er á gafli innistýjunnar.

- Rafmagn er í hænsnakofunum 4 tenglar, inni og útiljós.
- Meðfylgjandi eru varpkassar 2- 4 eftir stærð kofanna.
- Gluggi með föstu fagi er á hænsnakofanum ca 100 x 120 cm að stærð.
- Góð útloftun er upp við þakbrún sem hægt er að loka ef veður er mjög vont.
- Lítil þilofn er undir varpkössunum sem hægt er að kveikja á ef veður er mjög kalt.
- Húsin eru einangruð með 70mm steinull.
- Hænsnaprik er við varpkassa og glugga.

Hafðu samband til þess að fá verðtilboð.

Fríða Stefánsdóttir

www.reisum.is

reisum@reisum.is

Sími: 464 1202 / 899 0913